

Alþingi
Erindi nr. P 131/295
komudagur 30.11.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29.11.2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að árlegt endurgreiðsluhlutfall námslána verði lækkað úr 4,75% í 3,75%, sem er vissulega kjarabót fyrir greiðendur námslána en mun leiða til talsverðrar hækkunar á framlagi ríkissjóðs til sjóðsins, sbr. umsögn fjárlagaskrifstofu sem er fylgiskjal með frumvarpinu. Ástæða er hins vegar til að gera athugasemd við annað atriði frumvarpsins en samkvæmt 3. gr. þess skal 10. gr. laganna orðast svo:

Þegar tekjur eru skattskyldar á Íslandi er með tekjustofni í lögum þessum átt við útsvarsstofn lánþega að viðbættum tekjum skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Falli lánþegi undir skilyrði 62. gr. sömu laga skal við ákvörðun tekjugrundvallar tekna lánþega og sambúðaraðila. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign.

Þarna er verið að bæta fjármagnstekjum við tekjustofn til ákvörðunar árlegri tekjutengdri afborgun. Rök geta staðið til að það sú breyting teljist eðlileg að einhverju marki, en vegna eðlis fjármagnstekna hlýtur að þurfa að skilgreina einhvers konar þak á þessa viðbót við tekjustofninn og leggja Samtök atvinnulífsins til að það verði gert. Loks telja samtökin óeðlilegt að fjármagnstekjur hjóna og sambúðarfólks séu lagðar sameiginlega til grundvallar með þessum hætti, og það meira að segja þótt um sé að ræða tekjur af séreign skv. kaupmála. Þetta ákvæði gæti í mörgum tilfellum dregið úr fjárhagslegu sjálfstæði viðkomandi lánagreiðenda og leggja SA því til að síðari hluti greinarinnar verði felldur niður.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
Forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs